



# Stjórn og trúnaðarráð FÍR

Reykjavík 4. maí 2021

Fundarstaður: fjarfundur

Mætt í fjarfundi:

Margrét Arnarsdóttir, Sigmundur Grétarsson, Kristján Helgason, Guðjón Viðar Guðjónsson, Guðmundur Ævar Guðmundsson, Hilmar Guðmundsson, Adam Finnson, Magni Rafn Jónsson, Adam Kári Helgason, Hafsteinn Hreiðarsson, Andri Reyur Haraldsson, Jökull Harðarsson, og Maríanna Ragna Guðnadóttir.

Gestir fundarins: Kristján Þórður Snæbjarnarson og Jakob Tryggvason.

Fundur settur: kl. 19:00

Dagskrá:

Formaður setti fund og bauð gesti, stjórn og trúnaðarráð velkomið á fundinn

- **Umræður um stöðu Birtu**

Í upphafi fundar fóru Kristján Þórður Snæbjarnarson og Jakob Tryggvason yfir aðkomu RSÍ og lífeyrissjóðsins Birtu að Init ehf eftir umfjöllun í þættinum Kveik sem var sýndur á RÚV 29. apríl.

RSÍ hefur ekki verið í viðskiptum við Init í um fimmtán ár. Var fundarmönnum brugðið, sérstaklega þar sem fram kom að stjórn Reiknistofu Lífeyrissjóðanna hefur lengi vitað af háum reikningum og miklum arðgreiðslum. Það kom fram að þetta mál og hár kostnaður hefur verið í umræðu hjá stjórn Reiknistofu Lífeyrissjóðanna. Náðst hafa lækkanir á kostnaði, en bent var á að það er mikið um breytingar í kerfinu vegna breytinga á reglum á mörkuðum heima og erlendis. Aðeins var komið inná fjárfestingar Birtu í flugfélaginu Play. Voru margir fundarmenn ósáttir með þá fjárfestingu, aðallega vegna áhættu og að félagið væri ekki að starfa eftir íslenskum kjarasamningum. Einnig voru margir óánægðir með að lífeyrissjóðir væru í fjárfestingum með þeim aðilum sem voru stórir í íslensku atvinnulífi fyrir hrún. Kjörfundafulltrúar voru hvattir til að láta óánægju sína í ljós á fundi fulltrúaráðs Birtu 11. maí næstkomandi.

Gestir yfirláta fundinn kl 20:08.

Stefnt er að því að halda næsta fund stjórnar og trúnaðarráðs 17. maí næstkomandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði SPG